

Sveitarfélagið Hornafjörður
Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri
Hafnarbraut 27
Höfn
780 Hornafjörður

Reykjavík, 17. ágúst 2016

Efni: Hringvegur um Hornafjörð, lýsing á framkvæmd

Lýsing á framkvæmd: Nýr Hringvegur um Hornafjörð, milli Hólms og Dynjanda. Í fyrirhugaðum útboðsverkum verður boðinn út kaflinn milli Hólms og Hafnarvegar. T-vegamót verða við núverandi Hringveg á móts við Hólum, tengingar að Brunnholi og Einholti aðlagðar nýjum veginum, tengivegur verður meðfram Djúpá, varnargarður austan Hornafjarðarfjóta verður gerður, sem og áningastaður í Skógey, ný T-vegamót verða við Hafnarveg, áningastaður vestan Hafnarvegar og tenging að Hafnarnesi aðlöguð nýjum veginum. Þegar hafist verður handa við framkvæmdir austan Hafnarvegar verður Hafnarvegur norðan nýs Hringvegar tengdur við hann með T-vegamótum. Fjórar brýr verða í fyrirhugaðum útboðum, yfir Djúpá, Hornafjarðarfjót, Austurfljót og Bergá.

Hvernig fellur framkvæmd að gildandi skipulagsáætlunum: Fyrirhuguð framkvæmd í samræmi við gildandi aðalskipulag og mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar frá 2009.

Framkvæmdatími: Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist á árinu 2017. Stefnt er að útboði fyrri hluta árs 2017 og að framkvæmdatími verði um 3 ár. Samgönguáætlun liggur ekki fyrir og því er ekki mögulegt að vísa til hennar.

Leyfi annara aðila: Skv. 7. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi er hér listuð upp önnur þau leyfi sem Vegagerðin hyggst sækja um:

- Heilbrigðiseftirlit Austurlands veitir starfsleyfi vegna vinnslu jarðefna (785/1999).
- Framkvæmdir í eða við veiðivatn allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskistofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti (33. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði) er háð leyfi Fiskistofu.

Virðingarfyllst,


Erna Bára Hreinsdóttir

Erna Bára Hreinsdóttir